

Miðvikudaginn 25. febr. 1931.

Nr. 106/1930. Réttvísing og valdstjórnin

(Bjarni P. Johnson).

gegn

Erlingi Jónssyni, Leó Ólafssyni og

Páli Sveinssyni (Theódór Lindal).

Hegningarl., áfengis- og bifreiðalagabrot.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 9. sept. 1930: Ákærður, Erlingur Jónsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga. Auk þess greiði hann 100 krónu sekt, sem renni í rikissjóð og afplánist með einföldu fangelsi í 7 daga, verði hún eigi greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Svo skal hann og sviftur ökuskirteini í 2 ár frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærðir, Leó Ólafsson og Páll Sveinsson, sæti hvor um sig einföldu fangelsi í 5 daga. Auk þess greiði þeir hvor um sig 50 króna sekt í rikissjóð, sem afplánist með einföldu fangelsi í 23 daga, verði hún eigi greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði Birni Bl. Jónssyni in solidum kr. 54,00 í skaðabætur innan sama tíma og sektirnar. Loks greiði kærður in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum, þeim, er greinir í hinum áfrýjaða dómi, sem skotið hefir verið til hæstaréttar af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu, ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að fangelsisrefsing ákærða, Erlings Jónssonar, ákveðst 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og fangelsisrefsing Leó Ólafssonar og Páls Sveinssonar ákveðst samskonar fangelsi í 20 daga, en með tilliti til aldurs hinna ákærðu og undanfarandi hegðunar, þykir mega ákveða samkvæmt 1. gr. laga nr. 39, 16. nív.

1907, að fangelsisrefsingunni skuli frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef fullnægt verður skilyrðum laganna.

Brot Leó Ólafssonar og Páls Sveinssonar heyrir að öðru leyti undir 16. gr. laga nr. 64/1928, en ekki undir 20. gr. þeirra laga eins og í undirréttardóminum stendur.

Ákvæðum dómsins um sektargreiðslu, skaðabætur, málskostnað og um sviftingu ökuskirteinis skal óraskað.

Ákærðu ber in solidum að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Erlingur Jónsson, sæti 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og ákærðu, Leó Ólafsson og Páll Sveinsson, sæti, hvor um sig, 20 daga samskonar fangelsi, en fullnustu fangelsisrefsingarinnar skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa ef skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907 eru haldin.

Að öðru leyti skal hinum áfrýjaða dómi óraskað.

Ákvæðum ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Bjarna Þ. Johnson og Theódórs Línal, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Erlingi Jónssyni, bifreiðarstjóra, Hverfisgötu 92, Leó Ólafssyni, Sindri, Seltjarnarnesi, og Páli Sveinsyni, Bakkakoti, Seltjarnarnesi, gegn Erlingi fyrir brot á ákvæðum 12. kapitula alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869, lögnum nr. 56 frá 1926 og lögnum nr. 64 frá 1928, en gegn Leó og Páli fyrir brot á ákvæðum 12. kapitula hegningarlaganna og ákvæðum áfengislaganna.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Að kvöldi hins 7. júlí s. l., var eftirlitsmaður bifreiða, Björn Blöndal Jónsson, á eftirlitsferð um austurbjóðveginn. Kl. 10¼ um kvöldið kom hann að Lögbergi í Mosfellssveit, þar var þá bifreiðin RE 522. Bifreiðareftirlitsmaðurinn gekk að bifreiðinni, því að hjá henni voru 5 menn í áflogum, allir auðsjáanlega drukknir. Menn þessir voru ákærðir í þessu máli og auk þeirra Haraldur Sveinsson, Bakkakoti, Seltjarnarnesi og Kristbjörn Bjarnason, Skaftafelli, Seltjarnarnesi. Bifreiðarstjórinn á bifreið þessari var ákærður, Erlingur Jónsson, var hann mjög ölvaður. Bauð eftirlitsmaður honum að láta af hendi við sig lykilinn að bifreiðinni og gerði hann það samstundis. Fór eftirlitsmaðurinn síðan inn í símaherbergið á Lögbergi og símaði til lögregluvarðstofunnar í Reykjavík, og bað um lögreglu-aðstoð þaðan að Lögbergi, til þess að koma hinum drukknunum heim. Meðan hann var að síma komu hinir drukknunum menn inn í símaherbergið, réðust þeir á hann, ákærðir, Erlingur, Leó og Páll. Virtist eftirlitsmanninum Erlingur eiga upptökin, en Leó og Páll hjálpuðu honum. Eftir nokkrar sviftingar komu ákærðir honum undir, og rifu þrjá hnappa af einkennisbúningi hans og rispuðu hann dálítið í framan. Hinsvegar var Haraldur Sveinsson ekki með í árásinni og hvatti heldur ekki til hennar, og Kristbjörn Bjarnason reyndi að stilla féлага sína og aftra árásinni þótt hann væri mikið drukkiinn sjálfur.

Ákærðir hafa fyrir réttinum viðurkennt það, að hafa byrjað að drekka kl. 6 þennan dag. Síðan hafi þeir lagt af stað kl. 7 í bifreiðinni RE 522, og farið upp að Kolviðarhól og haft með sér 4 flöskur af portvini. Stýrði Erlingur bifreiðinni alla leið. Drukku þeir mikið af víni

þessu á leiðinni upp eftir, var þá ákærður Erlingur orðinn mjög drukinn, en stýrði samt bifreiðinni niður að Lögbergi.

Ákærður, Erlingur, hefir viðurkennt það fyrir réttinum, að hafa ráðizt fyrstur að eftirlitsmanninum, og beðið hina að hjálpa sér til þess, en ákærðir, Leó og Páll, kveðast hafa leiðst út í árásina fyrir áeggjan Erlings og vegna ölvunar.

Eftir ryskingarnar fór eftirlitsmaðurinn í bifreið sinni á lögreglustöðina í Reykjavík, fór lögreglan þá í bifreið upp eftir, mætti hinum drukknu mönnum gangandi á móts við Gunnarshólma. Tók lögreglan þá í bifreiðar sínar og flutti þá til Reykjavíkur, fór með sumu í varðhald, en aðra heim til sín. Sýndu þeir lögreglunni engan mótþróa.

Bifreiðaeftirlitsmaðurinn hefir gert skaðabótakröfu að upphæð kr. 54.00 fyrir skemmdir á fötum sínum.

Kristbjörn Bjarnason hefir undir rekstri máls þessa undirgengizt 50 króna sekt fyrir brot sitt á áfengislögnum, og Haraldur Sveinsson hefir í öðru réttarhaldi undirgengizt 50 króna sekt fyrir brot sitt á áfengislögnum.

Ákærðir eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna, Erlingur fæddur 3. apríl 1908, Páll fæddur 4. apríl 1909 og Leó fæddur 4. maí 1908. Þeim hefir ekki verið refsað áður.

Með árás sinni á bifreiðaeftirlitsmanninn, sem sýslunarmaður hins opinbera, hafa ákærðir gerzt brotlegir við 101. grein almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869. Rétturinn verður að telja ákærðan, Erling, aðalmanninn í árásinni og hvatamann hennar, og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið fyrir það hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga. Auk þess hafir hann með framferði sínu brotið gegn 5. grein bifreiðalaganna nr. 56/1926 og 20. grein áfengislaganna nr. 64 frá 1928, og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið fyrir það, hæfilega ákveðin 100 króna sekt og svifting ökuleyfis í 2 ár frá lögbirtingu dóms þessa að telja. Sektin renni í ríkissjóð og afplánast með einföldu fangelsi í 7 daga verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærðir, Leó og Páll, sem tóku þátt í ársinni á eftirlitsmanninn, fyrir áeggjan Erlings, sæti hvor um sig ein-

földu fangelsi í 5 daga. Auk þess hafa þeir með framferði sínu brotið gegn ákvæðum 20, greinar áfengislaganna og þykir refsing þeirra hvors um sig fyrir það hæfilega ákveðin 50 króna sekt, er renni í rikissjóð og afplánist með einföldu fangelsi í 3 daga, verði hún eigi greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði Birni Bl. Jónssyni in solidum kr. 54.00 í skaðabætur. Loks greiði þeir in solidum allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 27. febr. 1931.

Nr. 78/1931. **Haraldur Ámundínusson**

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Öldu Valdimarsdóttur og Bjarna Svavars (Enginn).

Barnsfaðernismál.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 6. júní 1930: Kærðir, Bjarni Svavars og Haraldur Ámundínusson, greiði in solidum meðlag með barni því, er kærandinn, Alda Valdimarsdóttir, gegnur með, og barns-fararkostnað til hennar eftir úrskurði yfirvalds svo og 20 krónur í málskostnað.

Dóminum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið áfrýjað til hæstaréttar með stefnu, dags. 9. sept. f. á., en hvorugt hinna stefndu hefir mætt eða látið mæta, þótt þeim hafi verið löglega stefnt og hefir málið því verið flutt skriflega og er dæmt samkvæmt N. L. I—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.